

Áframhaldandi tekjuvöxtur skilar sér í sterkum EBITDA vexti og öflugu sjóðstreymi.

Rekstur Nova skilaði góðri afkomu á fyrsta ársfjórðungi ársins. Heildartekjur voru um 3,3 milljarðar og jukust um 4,0% milli ára. Þjónustutekjur hækkuðu um 6,7% og EBITDA jókst um 9,3%. Hagnaður fjórðungsins var 167 milljónir og eykst um 25,8% milli ára.

Margrét Tryggvadóttir kveður í lok árs

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova, hefur óskað eftir að láta af störfum eftir 18 ár í lykilhlutverki hjá félaginu. Hún hefur verið hluti af Nova frá stofnun og leitt félagið sem forstjóri síðastliðin 7 ár. Margrét mun gegna starfi sínu áfram til 1. desember 2025 og verður stjórn félagsins og arftaka sínum innan handar við forstjóraskiptin auk þess sem hún áfram sinna ráðgjöf fyrir félagið eftir að hún lætur af störfum.

Margrét skilur við Nova í stöðugum og traustum vexti. Afkoma fyrsta ársfjórðungs 2025 sýnir áframhaldandi tekjuvöxt, sterkan EBITDA vöxt og öflugt sjóðstreymi. Árangurinn endurspeglast ekki aðeins í fjárhagslegum niðurstöðum – heldur ennfremur í mælingum á trausti og ánægju þeirra sem skipta mestu máli, viðskiptavina og starfsfólks ásamt sterku vörumerki. Framundan eru mikilvæg vaxtartækifæri fyrir Nova – ekki síst með kaupum á Dineout. Samlegð félaganna er talin styrkja bæði fyrirtækin til framtíðar og auka ánægju viðskiptavina á bæði einstaklings- og fyrirtækjamarkaði.

Helstu niðurstöður á fyrsta ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.324 m.kr. og vaxa um 4,0% á milli ára
- Þjónustutekjur námu samtals 2.651 m.kr. og vaxa um 6,7% á milli ára.
- EBITDA nam 989 m.kr. og vex um 9,3% á milli ára. EBITDA hlutfallið var 29,8% á fjórðungnum samanborið við 28,3% á fyrra ári.
- Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum nema 200 m.kr. og hækka um 2,3%
- Hagnaður fjórðungsins eftir skatta var 167 m.kr. og hækkar um 25,8%
- Handbært fé frá rekstri á tímabilinu er 779 m.kr.
- Eiginfjárhluftall var 40,5% í lok tímabilsins og eigið fé nam samtals 9.688 m.kr.

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova

„Það hefur verið mér einstök gæfa að fá að taka þátt í þessari mögnuðu vegferð með Nova – að fá að vaxa og dafna með frábæru fólki og eiga þátt í að gera Nova að því sem það er í dag. Það traust sem ég hef notið til að leiða félagið hefur verið mér ólýsanlegur heiður. Ég fyllist stolti þegar ég horfi til baka á allt það sem við höfum byggt upp saman – með hugrekki, gleði og óbilandi trú á því að hægt sé að gera hlutina öðruvísi, skemmtilegri og betur. Allt hefur sinn tíma og nú tel ég réttan tíma til að hefja nýjan kafla – fyrir mig og fyrir Nova.“

Margrét mun gegna starfi sínu til 1. desember 2025, þegar Nova fagnar 18 ára afmæli sínu. Hún mun fram að því styðja stjórn og arftaka sinn við forstjóraskiptin. Margrét mun áfram gegna hlutverki ráðgjafa verður einnig áfram virkur hluthafi en hún er í dag stærsti einkafjárfestir í félaginu.

„Ákvörðunin var ekki auðveld – enda bý ég að ómetanlegum minningum og dýrmætum tengslum við Nova liðið, viðskiptavinum og vini sem orðið hafa til á leiðinni. En maður þarf alltaf að þora, skora á sjálfan sig og halda áfram að vaxa. Ég er ótrúlega stolt af Nova og fólkinu sem heldur áfram að leiða félagið með eldmóði og trú á mikilvægi ánægju viðskiptavina, starfsfólks og sterku vörumerki sem er ein mikilvægasta eign Nova. Framtíð Nova er björt og titlarnir munu halda áfram að koma eftir mína tíð – alveg eins og hjá Liverpool. Ég er ekki farin, hækkuðum í tónlistinni, höfum gaman og sigrum leikinn!“


Sigríður Olgeirsdóttir, stjórnarformaður Nova þakkar fyrir ómetanlegt framlag og segir starf Margrétar hafa mótað fyrirtækið djúpt og varanlega:

„Margrét hefur verið drifkraftur í uppbyggingu og árangri Nova frá fyrsta degi. Leiðtogastíll hennar, áræðni og mannlegur tónn hefur skapað fyrirtækjamenningu sem við öll erum stolt af. Hún skilur við félagið í sterkri stöðu, með öflugum stefnu og frábært teymi til framtíðar. Við í stjórninni þökkum henni af einlægni fyrir ómetanlegt framlag og fögnum áframhaldandi samstarfi í nýju hlutverki.“


Lykiltölur á fjórðungnum:

	1F 2025	1F 2024	Breyting	%
FlakkNet	1.623	1.549	75	4,8%
FastNet	1.028	936	92	9,9%
Vörusala	410	419	-8	-2,0%
Aðrar tekjur	262	294	-32	-10,7%
Heildar rekstrartekjur	3.324	3.197	127	4,0%


Heildartekjur




FastNet




FlakkNet



Vörusala




Aðrar tekjur




- Hár vöxtur í tekjum af FastNeti skýrist helst vegna góðrar fjölgunar viðskiptavina sem og mikillar aukningar í tekjum af Sérlausnum.
- Samdráttur í Öðrum tekjum skýrist helst af lækkuðum tekna af samrekstri. Á móti lækka einnig gjöld vegna samrekstrar, sem færast undir KSV, um sambærilega upphæð og því lítil áhrif á rekstrarhagnað.
- Launa og launatengd gjöld hækka um 6,4% sem skýrist helst af almennum launahækkunum, stöðugildum fjólgar lífillega.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 10,4% milli ára sem skýrist m.a. af rúmlega 12 mkr. gjaldfærðum kostnaði á fimabilinu vegna fjárfestingar í DineOut. Leiðrétt fyrir því er hækkunin um 5,9%.
- Fjárfestingar eru 110 mkr. lægri milli ára, það er í línu við heildarættun ársins sem gerir ráð fyrir að fjárfestingar verði á bilinu 11%-12% af heildartekjum.
- Handbært fé frá rekstri eykt um tæplega 200 mkr. sem skýrist af auknum hagnaði, aðrir þættir eru helstir að árstíðabundin neikvæð áhrif birgðabreytinga er mun minni milli ára.


EBITDA EBITDA%




Hagnaður fimabilsins




Nettó vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir/12m EBITDA



Handbært fé frá rekstri



Fjárfestingar LTM - %Heildartekjur



Lykiltölur á fjórðungnum:

Rekstur	F1	F4	F3	F2	F1	Breyting milli ára		Samtals
	2025	2024	2024	2024	2024	Fjórthæð	%	LTM
FlakkNet tekjur	1.623	1.637	1.698	1.578	1.549	75	4,8%	6.535
FastNet tekjur	1.028	1.005	1.015	941	936	92	9,9%	3.989
Vörusölutekjur	410	586	410	436	419	(8)	-2,0%	1.842
Aðrar sölutekjur	237	244	239	245	264	(27)	-10,2%	967
Aðrar rekstrartekjur	25	29	26	28	30	(5)	-15,9%	108
Rekstrartekjur	3.324	3.501	3.388	3.228	3.197	127	4,0%	13.441
Kostnaðarverð seldra vara	1.485	1.595	1.546	1.494	1.504	(19)	-1,3%	6.120
Laun og launatengd gjöld	549	563	434	518	516	33	6,4%	2.064
Annar kostnaður	301	278	211	256	272	28	10,4%	1.045
Rekstrarkostnaður	2.335	2.436	2.190	2.268	2.293	42	1,8%	9.229
Rekstrarhagnaður fyrir afskrifir, EBITDA	989	1.065	1.198	961	905	84	9,3%	4.212
Afskrifir rekstrarfjármuna	(390)	(392)	(378)	(366)	(352)	(37)	10,5%	(1.526)
Afskrifir óefnislegra eigna	(114)	(133)	(82)	(120)	(123)	9	-7,5%	(448)
Afskrifir nýtingaréttar	(79)	(107)	(73)	(72)	(68)	(12)	17,2%	(332)
Afskrifir	(583)	(632)	(534)	(558)	(543)	(40)	7,3%	(2.306)
Rekstrarhagnaður, EBIT	407	433	665	403	362	45	12,4%	1.906
Vaxtagjöld af vaxtaberandi langfímalánum	(49)	(56)	(58)	(56)	(58)	10	-16,4%	(219)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	(124)	(129)	(112)	(112)	(112)	(12)	11,0%	(478)
Vaxtagjöld af öðrum langfímaskuldum	(21)	(19)	(19)	(19)	(19)	(1)	7,6%	(78)
Verðbætur af öðrum langfímaskuldum	(7)	(4)	(47)	(84)	(16)	9	-57,7%	(141)
Aðrar fjármagnstekjur og gjöld	1	63	2	6	10	(10)	-94,0%	72
Fjármagnstekjur og gjöld	(200)	(145)	(234)	(264)	(196)	(5)	2,3%	(844)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	206	288	431	138	166	40	24,3%	1.063
Tekjuskattur	(39)	(44)	(108)	(30)	(33)	(6)	18,3%	(222)
Hagnaður fjármálsins og heildarafkaða	167	244	322	108	133	34	25,8%	841
Afborganir og vaxtabætur leiguskuldbindinga	(188)	(215)	(170)	(169)	(167)	(22)	13,1%	(742)
EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)	801	850	1.028	792	738	63	8,5%	3.471
Kennitölur í rekstrarreikning								
EBITDA hlutfall	29,76%	30,41%	35,36%	29,75%	28,29%	1,46%	5,2%	31,34%
EBITDAaL hlutfall	24,09%	24,28%	30,36%	24,52%	23,08%	1,00%	4,3%	25,82%
EBIT hlutfall	12,23%	12,36%	19,61%	12,47%	11,31%	0,92%	8,1%	14,18%
Hagnaður á hlut	0,047	0,067	0,088	0,029	0,036	0,011	29,8%	0,232
Efnahagur								
	31.3.2025	31.12.2024	Sjódstreymi			F1	F1	
						2025	2024	
Viðskiptavild	10.136	10.136	Veltufé frá rekstri			989	905	
Óefnislegar eignir	1.391	1.426	Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum			27	(-104)	
Rekstrarfjármunir	3.920	3.939	Greidd vaxtagjöld			(-191)	(-179)	
Leigueignir	4.596	4.654	Greiddir skattar			(-47)	(-39)	
Aðrar eignir	3	3	Handbært fé frá rekstri			779	582	
Tekjuskattsinneign	511	551	Fjárfesting í rekstrarfjármunum			(-370)	(-412)	
Fastfjármunir samtals	20.557	20.708	Fjárfesting í óefnisl. eignum			(-78)	(-62)	
Birgðir	455	410	Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017			0	(-88)	
Viðskiptakröfur	1.143	1.174	Fjárfestingarhreyfingar			(-449)	(-562)	
Aðrar skammfímakröfur	647	494	Keypt eigin bréf			(-144)	(-45)	
Handbært fé	1.113	1.031	Afborgun leiguskuldbindinga			(-64)	(-55)	
Veltufjármunir samtals	3.358	3.109	Afborganir annarra langfímaskuldb.			(-15)	(-13)	
Eignir samtals	23.914	23.818	Afborganir langfímalána			(-26)	(-26)	
Eigið fé samtals	9.688	9.664	Fjármögnunarhreyfingar			(-249)	(-139)	
Vaxtaberandi langfímaskuldir	1.864	1.890	Hækkun á handbæru fé			82	(-118)	
Leiguskuldbindingar	6.649	6.691	Áhrif gengisbreytinga á handbært fé			0	1	
Aðrar skuldir	3.044	3.057	Handbært fé í upphafi fimab.			1.031	497	
Langfímaskuldir samtals	11.556	11.637	Handbært fé í lok fjármálsins			1.113	380	
Næsta árs afb. langfímask.	105	105						
Viðskiptaskuldir	901	795						
Ógreiddir skattar	2	291						
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	317	313						
Aðrar skammfímaskuldir	1.346	1.012						
Skammfímaskuldir samtals	2.670	2.517						
Skuldir samtals	14.227	14.154						
Kennitölur í efnahagsreikning								
Eiginfjárhluftall	40,51%	40,57%	Frjálst fjárfæði FCF			540	431	
Veltufjárhluftall	1,257	1,235	Frjálst fjárfæði til félags FCF			330	108	
			FFTF a.t.t. afborgana leiguskb. FCFaL			266	54	

Horfur fyrir árið 2025

Félagið gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.700 m.kr. til 14.000 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 4.000 m.kr. til 4.400 m.kr. Einnig er áætlað að heildar fjárfestingar verði á bilinu 11%-12% af heildartekjum.

Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbsins <https://www.nova.is/fjarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um businessinn hjá Nova Klúbbum í sögulegu samhengi.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

Margrét og Þórhallur bjóða áhugasömum markaðsaðilum uppá kaffispjall föstudaginn 9. maí kl. 8:30, 4ju hæð.

Fjárhagsdagatal 2025

Uppgjör 2F 2025	14. ágúst 2025
Uppgjör 3F 2025	30. október 2025
Ársuppgjör 2025	26. febrúar 2026
Aðalfundur 2026	26. mars 2026

Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 157 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, margret@nova.is, s. 770 1070

Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, thorhallurj@nova.is, s. 770 1090.

Tekjuflokkar

FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósléiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

Aðrar tekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Auk annarra rekstrartekna.